

4. apríl 1989

273

Nr. 140

REGLUGERÐ

um bann við dragnótaveiðum á Eyjafirði.

1. gr.

Frá og með 6. apríl 1989 til og með 15. apríl 1989 eru allar veiðar með dragnót bannaðar á Eyjafirði innan línu, sem dregin er milli eftirtalinna punkta:

1. 66°04'N – 18°31'6 V
2. 66°03'N – 18°17'5 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast gildi frá og með 6. apríl 1989 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 98 8. mars 1989, um bann við dragnóta- og línuveiðum í Eyjafirði.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. apríl 1989.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Pórður Eyþórsson.

30. mars 1989

Nr. 141

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 61/1989, um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferða á innfluttum vörum.

1. gr.

A-liður 2. málsg. 9. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Farmflytjandi skal því aðeins fallast á skiptingu farmskrárnúmers að innflytjandi framvísi sjálfstæðum vörureikningum fyrir hverja skiptingu. Með öllu er óheimilt að skipta vörusendingu ef skiptingin leiðir til breyttrar tollflokunar vörusendingar. Leiki vafi á slíku skal farmflytjandi hafna beiðni um skiptingu. Farmflytjandi skal bera ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda leiði skipting til breyttrar gjaldtöku.